



Sent til heilsugæslustöðva, heimilislækna í Reykjavík,  
sviðsstjóra og hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa, lyfjabúra sjúkrahúsa,  
læknastofa og stofnana fyrir aldraða.

Reykjavík, 09.09.2011  
2011030171/bG/jjh

## Dreifibréf Landlæknisembættisins

### Nr. 5/2011

#### Tilkynning frá sóttvarnalækni

#### Efni: Bólusetning gegn influensu og pneumókokkum

Þrígild bóluefni gegn influensu A og B hafa nú verið framleidd fyrir veturinn 2011-2012 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þau innihalda eftirtalda stofna:

- A/California/7/2009 (H1N1)-like virus\*;
  - A/Perth/16/2009 (H3N2)-like virus;
  - B/Brisbane/60/2008-like virus.
- \*svínainflúensuveira frá 2009

Frá árinu 2007 hefur sóttvarnalæknir samkvæmt útboði, tryggt kaup á 60.000 skömmtum af árlegu influensubóluefni. Fram til þessa hefur bóluefnið Fluarix® frá GSK verið keypt en nú verður bóluefnið Vaxigrip® frá Sanofi Pasteur fyrir valinu. Á þessu ári verða keyptir 60.000 skammtar af Vaxigrip® eins og undanfarin ár og verður bóluefnið tilbúið til afhendingar frá og með 12. september 2011.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir þar til bærir aðilar geta pantað bóluefni hjá Icepharma sem annast dreifingu þeirra. Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Parlogis ehf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöðvar til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefni hjá Parlogis þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi þess mánaðar sem bóluefnið er keypt. Innkaupsverð í september 2011 er 695,33 kr.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur

bls. 1



**Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu** en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði en sóttvarnalæknir greiðir innkaupsverð bóluefnisins samkvæmt reikningi.

Á **reikningi** til sóttvarnalæknis þarf að koma fram:

- númer reiknings, nafn stofnunar, fjöldi skammta bóluefnis og einingarverð.

**Rafrænt fylgiskjal (excel)** á diskum þarf að fylgja reikningi með:

- kennitölum hinna bólusetta, dagsetningu bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Rétt er að áréttu að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A(H1N1)v (svínainfluensu).

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttur aðstoðarmaður sóttvarnalæknis ([juliana@landlaeknir.is](mailto:juliana@landlaeknir.is)) s. 510-1900.

**Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.**

Heilbrigðisstofnunum er heimilt að taka komugjald vegna bólusetningarinnar samkvæmt birtri gjaldskrá Velferðarráðuneytisins.

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á tilmæli um bólusetningu gegn **pneumókokkasýkingum** hjá eftirtöldum hópum:

- Einstaklingum 60 ára og eldri, á 10 ára fresti.
- Einstaklingum með aspleniu eða aðra ónæmisbælandi sjúkdóma á 5 ára fresti.

Sóttvarnalæknir

Afrit: Velferðarráðuneytið, Lyfjastofnun, Læknablaðið og Tímaritið Hjúkrun.